

TIL ÍSLANDS

LESTUN
Í ERLENDUM
HÖFNUM

AMERÍKA

PORTSMOUTH/NORFOLK	
City of Perth	14. mars
Laxfoss	22. mars
Bakkafoss	3. apr.
City of Perth	24. apr.

NEW YORK

City of Perth	12. mars
Laxfoss	20. mars
Bakkafoss	1. apr.
City of Perth	22. apr.

HALIFAX

Laxfoss	25. mars
---------	----------

BRETAND/MEGINLAND

IMMINGHAM

Álafoss	10. mars
Eyrarfoss	17. mars
Vessel	31. mars

FELIXSTOWE

Álafoss	11. mars
Eyrarfoss	18. mars
Vessel	25. mars
Eyrarfoss	1. apr.

ANTWERPEN

Álafoss	12. mars
Eyrarfoss	19. mars
Vessel	26. mars
Eyrarfoss	2. apr.

ROTTERDAM

Álafoss	13. mars
Eyrarfoss	20. mars
Vessel	27. mars
Eyrarfoss	3. apríl

HAMBORG

Álafoss	14. mars
Eyrarfoss	21. mars
Vessel	28. mars
Eyrarfoss	4. apr.

GARSTON

Fjalldoss	11. mars
-----------	----------

LEIXOES

Skeiðsfoss	9. apr.
------------	---------

NORDURLÖND/-

EYSTRASALT

BERGEN

Reykjafoss	8. mars
Skógafoss	15. mars
Reykjafoss	22. mars
Skógafoss	29. mars

KRISTIANSAND

Reykjafoss	11. mars
Skógafoss	18. mars
Reykjafoss	25. mars
Skógafoss	1. apr.

MOSS

Reykjafoss	12. mars
Skógafoss	19. mars
Reykjafoss	26. mars
Skógafoss	2. apr.

HORSENS

Skógafoss	21. mars
Skógafoss	4. apr.

GAUTABORG

Reykjafoss	13. mars
Skógafoss	20. mars
Reykjafoss	27. mars
Skógafoss	3. apr.

KAUPMANNAHÖFN

Reykjafoss	14. mars
Skógafoss	22. mars
Reykjafoss	28. mars
Skógafoss	5. apr.

HELSINGBORG

Reykjafoss	14. mars
Skógafoss	22. mars
Reykjafoss	29. mars
Skógafoss	5. apr.

HELSINKI

Hornburg	8. mars
Hornburg	8. apr.

GDYNIA

Hornburg	13. apr.
----------	----------

ÞÓRSHÖFN

Reykjafoss	17. mars
Skógafoss	25. mars

RIGA

Hornburg	11. apr.
----------	----------

VIKULEGAR
STRANDSIGLINGAR

-fram og til baka

fra REYKJAVÍK
alla manudagafra ISAFIRÐI
alla þriðjudagafra AKUREYRI
alla fimmtudaga

EIMSKIP

Til Halldórs Björns
Runólfssonar

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Eitt hið leiðinlegasta er kemur fyrir í starfi listrýnis er vissulega að verða að leiðrétta skrif starfsbræðra sinna og þá einkum þeirra er þeir hafa mikið álit á. Skoðanir sínar mega viðkomandi svo sannarlega hafa í friði, enda verða þeir að standa við þær sjálfir og litil ástæða til að karpa út af einstökum umfjöllunum. En sitthvað er það, sem snertir mig persónulega í listdómi þínum um sýningu Rut Rebekku Sigurjónsdóttur að Kjarvalsstöðum, (þjóðviljinn 2. marz) sem ég vil alls ekki gangast undir og hlýt því að snúast til andsvara.

En í leiðinni mætti einnig spyrja hvaða ástæða sé til þess að taka viðkvæman nýgræðing fyrir sérstaklega, er menn vilja sletta hressilega úr klaufunum í stað þess t.d. að ráðast á garðinn, þar sem hann er hæstur?

Rut Rebekka getur ekki talist hafa farið geyst af stað miðað við marga þá, er sýna, á meðan þeir eru ennþá í skóla og er jafnvel lyft á stall af listsagnfræðingum með mikilli velþókun. Tvær litlar sýningar sama árið, í

Mosfellssveit og Viborg, sem eru undanfari hinnar þriðju og veigameiri getur ekki talist að fara geyst af stað, þar sem þessar sýningar voru sitt á hverjum staðnum, utan alfaraleiða listarinnar. Þannig er sýningin á Kjarvalsstöðum frumraun frúarinnar á sýningarvettvangi í höfuðborginni og ætti eðlilega að fá afgreiðslu sem slík. Þá eru þrjú ár liðin, síðan Rut hætti í skóla og ég kenni í nýjum myndum hennar öllu meiri dirfsku en ég þekki til áður.

Ég hef lengi ekki getað skilið það, af hverju fólk hér uppi á Íslandi er svo mikið í mun að endursegja umbúðalaust nýjustu fréttirnar úr listheiminum ytra í stað þess að rækta í rölegheitum sinn garð. Vinna í því formi, er þeim sýnist, á þeim forsendum að listin hefur engan aldur, tjái hún ótvíræða lifun og samkennd með þeim tíma, er viðkomandi hrærist í.

Það, sem fram hefur komið í nútímalistinni á síðustu árum, er einmitt endurmat á fyrri stílbrigðum að viðbættum nýjum tímum, nýjum viðhorfum og gerólíkri heimsmýnd.

Þar sem ég hef lengstum verið umsjónarkennari málaradeildar Myndlista- og handíðaskóla Íslands og því um margt ábyrgur

um það, er þar gerist, vil ég segja þetta: Stefna mín hefur frá upphafi einkenst af allt öðru en því að búa til einhverja „klassík“ til handa andlausum nemendum, og engri eilífri óumbreytanlegri fegurð í anda hugmyndafræði Platóns er þar haldið fram.

Í deildinni hefur einmitt verið leitast við að örva nemendur til sjálfstæðra átaka við hin ólíkustu viðfangsefni og reyna að vekja upp forvitni þeirra fyrir umhverfinu og tæknilegum lögmálum. Það er á miklum miskilningi byggt, að hægt sé að stýra forvitninni, því að hún sprettur af innri þörf og verður að koma frá nemandanum. En það má örva forvitnina og styrkja á margvíslegan hátt sé hún fyrir hendi.

Vísast er og ekki hægt að stýra listgáfunni því hún er huglæg og óáþreifanleg, en það má styrkja hana og efla. En væri það hægt, gæti sá, er skilur við maka sinn, sem er skáld, að sjálfsgöðu krafist helming skáldgáfu viðkomandi svo sem annarra handfastra eigna.

Þannig er ekki hægt að miðla listgáfu og því er ég andvígur hvers konar matreiðslu og að nemendum sé stjórnað til árangurs, sem er langt fyrir ofan raunverulega getu þeirra. Séu



áhugi og hæfileikar fyrir hendi, er allt slíkt algjör óþarfi. Ég álit, að engin tilfinning sé meira uppörvandi fyrir nemanda né fylli hann rikari gleði en sú, er sprettur upp í honum að loknu námi í Listaskóla og hann uppgötvar, að hann getur gert miklu betur en innan veggja skólans. Þá fyrst hefur námið skilað árangri.

Þá hafna ég einnig alfarið þeirri skilgreiningu, að Popp-listin hafi tekið við sem hin opinbera klassíska listastefna listaskóla. Skil ekki þennan framslátt því það er einfaldlega ekki hægt að setja alla listaskóla undir sama hatt, svo margvíslegir og ólíkir sem þeir nú eru. Skilgreiningin fellur þannig um sjálfa sig eins og svo margt í umræddum listdómi.

Bókamarkaður
Máls og MenningarTilboð
dagsins

Líkamsrækt – Jane Fonda
ásamt kassettu eða plötu.
á aðeins kr. 598.-

Bókaveisla fjölskyldunnar

Bókabúð
MÁLS & MENNINGAR

LAUGAVEGI 18-101 REYKJAVÍK SÍMAR: 24240 – 24242

Einnig líf
- eða hvað?Erlendar
bækur

Jóhanna Kristjónsdóttir

Lis Bernth: Ogsá et líf
Útg. Gyldendal 1984

Hvernig lifir foreldri/foreldrar með þá vitneskju og reynslu inn á sér, að barn þess sé eiturfjaneytandi? Það gerir áreiðanlega enginn án þess að bíða tjón á sálu sinni. Um er að ræða barnið þitt, hvort sem það er eiturfjaneytandi eða ekki. Foreldri gengur í gegnum viti sektarkenndar og ósvaraðra spurninga. Til dæmis, af hverju verður einmitt þetta barn eiturfjann að bráð? Hvar var það á leiðinni, sem foreldri/foreldrar brugðust? Því að sú spurning leitast á efa á alla þá sem fyrir slíku verða. Og hvers vegna geta foreldrarir ekki hjálpað þrátt fyrir góðan vilja, staðfastan ásetning, endalaugar fórnir, kvöl og þraut. Af hverju dettur barnið alltaf í sama farið aftur, þrátt fyrir allt? Og hvernig geta foreldrar búið börn sín undir að mæta því miskunnarleysi sem velferðarþjófófélagið er nú um stundir?

Móðirin, Pia, veltir þessu og mörgu öðru fyrir sér í viðkomandi bók. Dóttir hennar Camilla hafði farið að fíka við að reykja hass fimmtán, sextán ára gömul. Og ári síðar er hún orðin djónkie. Sprautar sig með heróíni, lifir lífi heróíneytandans með hugann við það eitt að útvega peninga fyrir næstu sprautu. Pia er ein með börnin tvö, Jakob yngri bróður og Camilla. Hún hefur tiltölulega nýlega skilið við föður þeirra og þegar Camilla flýr í eiturfjann gerast þær spurningar áleitnar hvort skilnaður foreldranna hafi átt þátt í að svona fór. Auðvitað veit hún að það er ekki ástæðan, en sektarkenndin nagar hana, vanmáttarkenndin eittrar líf hennar



Lis Bernth

allt eftir því sem Camilla færast nær botninum. Pia stofnar til nýs sambýlis, en það hlýtur að fara út um þúfur vegna þess að líf Piu snýst í sex ár ekki um annað en það, hvernig hún geti hjálpað Camilla. Vonbrigði og hjartasýni skiptast á, hvað eftir annað virðist Camilla hafa náð tökum á sjálfri sér, þær mæðgur leita ýmissa leiða til að hún fái lækningu og um hríð lítur út fyrir að allt sé að snúast til betri vegar. En sú hjartasýni og gleði stendur ekki lengi og sex árum eftir að Camilla neytir eiturfjann í fyrsta skiptið, gefur hún upp öndina – tuktugu og eins árs stúlka, í hvívetna venjuleg og að mörgu leyti hæfileikum þrydd. Samt sligast hún og leitast aftur og aftur í heróíni. Þetta er átakanleg lesning, en fjarri því að vera væmin. Lýsir tilfinningum móður og dóttur á nærfærinn og bersögla máta. Frásögnin er dálítið hrá einkum framan af, stundum eins og eins konar skýrsla; höfundur virðist varla hafa undan að setja á pappírinn hugsanir sínar og það sem er að brjótast um í henni. Mér fannst þetta áhrifamikil bók, sem væri að minnsta kosti mjög holl lesning foreldrum.

Höfundurinn Lis Bernth hefur fengið við skrifstofu- og kennslustörf. Hún segir hér sína eigin sögu og dóttur sinnar, sem lézt vegna eiturfjanneyzlu fyrir fjórum árum.